



Leikskólasvið Reykjavíkurborgar

Starfsáætlun Reynisholts

2010 – 2011



Inngangur

Samkvæmt 13. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Hver og einn leikskóli setur upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans <http://www.reynisholt.is>

Leikskólinn Reynisholt er staðsettur í fallegum trjálundi í næsta nágrenni við Reynisvatn. Hann var formlega opnaður 30. nóvember 2005. Strax í upphafi leikskólastarfsins var hafist handa við að innleiða þær áherslur sem leikskólinn vinnur eftir en það er lífsleikni í leikskólastarfi auk þess sem umhverfismennt hefur fléttast inn í starfið en leikskólinn er skóli á grænni grein og vinnur að því að fá Grænfánann. Þróunarverkefni er í gangi sem nefnist Orð af orði, það hófst haustið 2008 og er komið vel á veg í starfsemi leikskólans. Styrkur frá leikskólaráði fékkst til verkefnisins árið 2010.

Starfsáætlun leikskóla

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur þá stefnu að ár hvert skulu leikskólar borgarinnar og sjálfstætt starfandi leikskólar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skila starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, eins og kveðið er á um í lögum nr. 90/2008 um leikskóla. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal henni skilað rafrænt til Leikskólasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir Leikskólaráð til samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.

- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Leikskólasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

Innra mat leikskólans

Þeir matslistar sem lagðir voru fyrir á skólaárinu voru, Barnið í brennidepli, Sjálfsmynd og félagsfærni barna, Eccers kvarðinn og Hljóm 2. Einnig var einstaklingsnámskrá unnin með þeim börnum sem þurftu sérstakan stuðning. Leikskólinn hefur ekki farið þá leið að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn en unnið er með ferilmöppur fyrir hvern einstakling þar sem haldið er utan um skráningar varðandi þroska barnsins.

Þeir þættir sem voru skoðaðir úr matslistanum Barnið í brennidepli voru um gæði náms í gegnum leikinn, samskipti barna og starfsfólks, að mæta þörfum barnanna, mat og gagnaöflun, barnavernd, hreinlætisvenjur og næring.

Almennt var starfsfólk jákvætt og taldi m.a. að börnin hefðu úr nægum efnivið að velja og þeim væri hrósað þegar það ætti við. Þau fá hvatningu og starfsmenn segja börnin vera glöð, áhugasöm og virk í leik og starfi. Það kom þó fram að huga þarf betur að leikefni elstu barnanna á öllum deildum. Elsta deildin telur að það þurfi að skapa meira leikrými fyrir börnin og næði til leikja. Önnur atriði sem tekin verða til endurskoðunar er vísindahornið sem þarf að endurskoða og gefa meira líf. Huga þarf betur að svæði til að skoða bækur í ró og næði og einnig að skoða skipulagðar hreyfistundir eftir kl. 15.00 í sal.

Varðandi spurningu tvö um samskipti barna og starfsfólks kemur fram að starfsmenn leggja sig fram við að nota spurningar og fá svör frá börnunum í stað þess að leggja þeim orð í munn og leyfa þeim sjálfum að útkljá málin. Þeir telja að alltaf megi bæta sig og vera meðvitaður um að nota opnar spurningar og að staldra við í leik barnanna og skrá leikinn. Varðandi skráninguna þá er það eitt af þeim verkefnum sem er í gangi og verið er að þróa með verkefninu Orð af orði.

Í spurningu þrjú um að mæta þörfum barnanna kemur í ljós að fjölbreyttar leiðir eru fyrir börnin m.a. val, jóga, Orð af orði, snerting, hópastarf og vettvangsferðir. Það sem þarf að efla betur er tónlistin, markvissari sögustundir og skrá meira í skráningarbókina (Orð af orði). Elsta deildin hefur áhuga fyrir því að það verði kannað hvort önnur leið í vali myndi henta elstu börnunum betur.

Varðandi mat, gagnaöflun og notkun matsupplýsinga telja deildirnar sig standa vel. Notaðir eru gátlistar. Foreldraviðtöl eru markviss og var einn skipulagsdagur tekin í foreldraviðtöl þetta árið og gekk það mjög vel. Skráningar ganga nokkuð vel, markviss skilafundur er haldinn með hverju barni áður en það fer í grunnskólann og þroskamatsblöð fylgja með milli deilda. Til umbóta kom fram mikilvægi þess að halda vel utan um ferilmöppur barnanna, hafa matið markvissara og gera tímaáætlun um matið.

Varðandi síðustu spurninguna um samræmt uppeldisstarf óskuðu allar deildir eftir því að við myndum fá fræðslu á skipulagsdegi um barnavernd og hvernig bregðast eigi við í slíkum málum. Vera dugleg að halda áfram að kenna börnum mikilvægi hreinlætis og að þvo sér um hendur. Starfsmenn fylgist betur með handþvotti barnanna og að snýta börnunum. Allir eru ánægðir með okkar holla og góða mat og hversu vel tekst til með þau börn sem þarf að taka tillit til vegna ofnæmis.

Á skipulagsdegi um matið var starfsmönnum afhent blað með tveimur stjörnum og einni ósk. Hjá stjórnunum áttu þeir að skrifa eitthvað sem þeim þótti vel að staðið í leikskólanum og svo eina ósk um eitthvað sem mætti bæta. Það sem starfsmenn gáfu stjórnun fyrir var Reynislundur og starfið þar, vettvangsferðir, frábært starfsfólk, eldhúsið, jóga og snertistundir, ánægja með starfsandann og áherslur leikskólans. Óskir um það sem betur má fara er skipulagið í húsinu, nýta salinn betur og nota hann meira. Sullusvæði mætti vera aðgengilegra, merkja þarf hljóðfærin í töskunni og að huga að köðlunum í lundinum góða að þeir séu ekki hafðir of langir.

Starfsmenn fylltu út Eccers kvarðann og þar komu fram nokkur atriði til umbóta m.a. að bæta aðstöðuna til tilrauna og vísinda, vera duglegri við að stilla stólana fyrir hvert barn, huga að því sem lesið er fyrir börnin og hvað þau eru að hlusta á. Léleg loftræsting er í rjóðrinu, hópastarf dettur oft niður ef vantar kennara og gefa okkur meiri tíma í fataherberginu.

Eftir að stjórnendur höfðu farið í gegnum matið með starfsmönnum var ákveðið að huga að öllum þeim þáttum sem komu fram til umbóta og hafa nú verið skipaðir aðilar sem eiga að sjá um endurbætur.

Hljóm 2 var tekið að hausti og unnið sérstaklega með þá þætti sem efla þurfti hjá hverju barni. Árangur var svo metinn með því að taka hljóm aftur í febrúar.

Samskiptabækur voru notaðar með ákveðna einstaklinga þar sem bókin fór heim einu sinni í viku hjá sumum börnum en daglega hjá öðrum. Margir fundir voru haldnir bæði með fulltrúum frá þjónustumiðstöðinni og öðru teymi sem að því komu m.a. með talmeinafræðingi, sjúkraþjálfara og öðrum greiningaraðilum.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða á skipulagsdögum auk þess sem nokkrir starfsmenn sóttu jóga tíma í leikskólanum eftir vinnu á miðvikudögum. Fyrirlestrar og námskeið voru m.a. um umhverfismennt, Bernskulæsi, Jóga, leiki, útikennslu og skyndihjálpi. Fimm starfsmenn sóttu námskeið til greiningarstöðvarinnar um atferliþjálfun vegna einhverfu. Tveir starfsmenn sóttu fyrirlestur um foreldrasamvinnu og sérkennslustjóri fór á kynningu sem tengdist málprosa barna. Aðstoðarleikskólastjóri var mentor í verkefninu Assist, en það byggist á fyrirlestrum, verkefnum og umræðum undir stjórn mentora.

Skólanámskrá leikskólans var endurskoðuð á árinu. Ekki tókst stjórnendum að lagfæra starfsmannahandbók leikskólans en stefnt verður að því á næstu mánuðum.

Ytra mat

Foreldrakönnun Leikskólasviðs var lögð fyrir foreldra 2009. Í heildina voru niðurstöðurnar mjög góðar fyrir leikskólann og geta starfsmenn verið ánægðir með þær niðurstöður sem þar koma fram. Það sem starfsmenn þurfa að bæta er kynning á nýju starfsfólki í leikskólanum og hefur það verið rætt innan starfsmannahópsins.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var lögð fram árið 2009. Niðurstöðurnar fyrir Reynisholt voru góðar og fór leikskólastjóri yfir þær með starfsmönnum á skipulagsdegi um haustið.

Unnið hefur verið að þróunarverkefninu Orð af orði sem miðar að eflingu almennrar málvitundar barna í gegnum leikskólastarfið. Þetta er annar veturinn sem unnið hefur verið með þessa áhersluþætti og byrjað er að fylgja fyrstu börnunum eftir upp í Sæmundarskóla. Strax í haust kom fram betri árangur barna frá Reynisholti samkvæmt þeim athugunum á þeim þáttum sem verkefnið beindist að. Jafnframt eru niðurstöður á lestrarfærni barnanna í vor að styðja enn frekar við ágæti verkefnisins því samkvæmt lestrarathugun kom fram yfir 50% munur á lestrargetu barnanna, þ.e. börn frá Reynisholti voru með yfir 90 rétt lesin atkvæði meðan börn frá öðrum leikskólum voru með um 40 rétt lesin atkvæði að meðaltali.

Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Viðhorfskönnunin sem gerð var meðal starfsmanna 2009 var kynnt fyrir starfsmönnum og var farið ítarlega í gegnum þau atriði sem þarf að huga betur að, hvað við erum ánægð með og hvað við þurfum að bæta. Þegar á heildina er litið kemur Reynisholt vel út og erum við ánægð með niðurstöðurnar. Það þarf þó alltaf að huga betur að einstaka þáttum eins og t.d. með upplýsingastreymið meðal starfsmanna og kynning fyrir foreldra á nýjum starfsmönnum. Leikskólastjóri sendir nú tölvupóst á alla starfsmenn og er það undir starfsmönnum sjálfum komið hversu duglegir þeir eru að fylgjast með póstinum sínum. Varðandi starfsþróun og símenntun síðustu tólf mánuði hafa starfsmenn sótt minna námskeið en við hefðum viljað vegna þrengi ramma utan um starfsmannamál leikskólans.

Í kaflanum um Innra mat er tekið saman við hverja spurningu niðurstöður úr Barnið í brennidepli og hvað við ætlum að bæta og telst til umbótaáætlunar.

Við munum halda áfram að efla upplýsingastreymi til foreldra með tölvupósti og öflugri heimasíðu. Við sjáum það á foreldrakönnuninni að upplýsingaflæðið hefur aukist til foreldra en það skynjum við líka í gegnum svarbréf í tölvupósti og í viðtölum við foreldra.

Markmið leikskólans er alltaf að gera betur og leiðirnar að fara vel yfir það sem þarf að bæta með starfsmönnum og foreldrum, það eru síðan þær kannanir sem lagðar eru fyrir sem sýna okkur niðurstöðurnar og halda okkur við efnið.

Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár

Markmið leikskólans er að halda áfram að fylgja áherslunum okkar í lífsleikni vel eftir. Meðal markmiða sem við settum okkur á síðasta ári um að fá fleiri leikskóla með okkur til samstarfs um jóga heppnaðist og eru nú fjórir leikskólar samstarfsskólar um þessar áherslur og hefur hópurinn hlotið nafnið Birta. Þetta eru Akrasel á Akranesi, Rauðaborg í Reykjavík og Sunnuhvoll í Garðabæ. Skólarnir hafa myndað samráð sem hópur og munu þannig styrkja hvor annan og miðla hugmyndum og námskeiðum. Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir frá leikskólasviði heldur utan um hópinn.

Reynisholti er leikskóli á grænni grein og stefnum að því á næsta ári að fá Grænfánann. Við höfum stöðugt verið að bæta okkur og munum halda áfram að skoða saman áherslurnar okkar í jóga og

tengja það saman við umhverfismennt og útikennslu. Á árinu var stofnað umhverfisráð í leikskólanum, umhverfisstefna Reynisholts var sett fram, staða umhverfismála í leikskólanum var endurmetin og gerð ný áætlun fyrir næstu tvö ár. Á næsta ári mun starfsemi umhverfisráðs vera eflid og stefnt að því að sækja um grænfánann fyrir lok skólaárs.

Unnið verður áfram að þróunarverkefninu Orð af orði sem miðar að eflingu almennrar málvitundar barna í gegnum leikskólastarfið. Búið er að gera námskrá sem beinir sjónum að þessum þáttum og unnið verður eftir næsta vetur. Verkefnið verður áfram unnið í samvinnu með Sæmundarskóla. Verkefnastjóri er Guðrún Sigursteinsdóttir og tengiliður innan leikskólans er Guðrún Grímsdóttir.

Námsgögnin sem unnið er með tengt þróunarverkefninu eru "Sögugrunnur" og "Orðahljóð" en skráningar skipa þar einnig stóran sess.

Samfara þessu verkefni verðum við áfram með "Bókaorminn" en með honum erum við að fá foreldra í lið með okkur til að styðja enn frekar við málumhverfi barnanna og gera þá meðvitaða um mikilvægi þess. Með Bókaorminum erum við einnig að leggja inn ákveðinn boðskap til barnanna því valdar eru bækur með tilliti til þeirrar dygðar sem unnið er með hverju sinni.

Stefnt er að því að Jógatímar verði áfram fyrir starfsmenn af og til einu sinni í viku eftir vinnu yfir vetrartímann. Markmiðið er að viðhalda áherslum leikskólans og ekki síður að minna hópinn á hvað liðsheildin er mikilvæg í hverjum starfsmannahópi.

Skipulagsdagar verða fimm og munu skólarnir í hverfinu sameinast um þrjá 22. október, 18. febrúar og 23. maí. Fyrsti skipulagsdagur vetrarins verður 16. september þar sem vetrarstarfið verður skipulagt og 22. mars verða foreldraviðtöl. Á skipulagsdögum verður hugað að undirbúningi fyrir starfið þar sem fræðsla, endurmat og foreldraviðtöl munu skipa stóran sess (sjá dagatal yfir skipulagsdagana 2010-2011).

Vinavika verður meðal starfsmanna í febrúar 2011 og síðan munu, Jógavika, snertivika, útivika, góðverkadagar og fjölskylduviku setja svip sinn á starfið yfir veturinn.

Sæmundarskóli er hverfisskóli Reynisholts og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2005. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem og að hitta gamla vini. Einnig hafa börn úr Sæmundarskóla heimsótt Reynisholt á Degi íslenskrar tungu, þar sem börn úr 5. bekk koma og lesa fyrir börn leikskólans. Auk þess gátu börn úr 8 bekk í Sæmundarskóla valið að verja einni klukkustund á viku til að vera með börnunum í leik og starfi.

Ákveðnar hefðir hafa skapast í kringum leikskólastarfið m.a. er sameiginleg sumarhátíð leikskólanna Reynisholts og Geislabaugu 16. júní ár hvert. Jólamánuðurinn verður með hefðbundnu sniði, Þorrinn verður haldinn hátíðlegur með þorrablóti og Fiskidagurinn mikli verður í kringum Sjómannadaginn.

Leikskólinn tók þátt í Barnamenningarhátíð og var sameiginlegt þema hverfisins Fuglar og forvitni og er stefnt að því að taka aftur þátt í slíkri hátíð.

Þrátt fyrir færri stundir til að undirbúa starfið munu starfsmenn reyna eins og kostur er að hafa eldmóðinn og starfsgleðina að leiðarljósi.

Áherslur leikskólans vegna Starfsáætlunar Leikskólasviðs

Rekstur og stjórnun leikskólans Reynisholts fellur undir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar og þá stefnu sem þar er mótuð. Leiðarljós í stefnu og starfsáætlun Leikskólasviðs fyrir árið 2010 er m.a. „Að í leikskólanum njóti börnin bernsku sinnar, læri og þroskist í leik og samveru“. Það er einnig leiðarljós Reynisholts.

Barnið sjálf er í brennidepli í leikskólastarfinu. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þ.e. að hvert barn sé einstakt og því beri að virða þarfir þess og sérstöðu óháð getu, reynslu og þroska. Megináherslur í starfinu, samhliða daglegu lífi, leik og námssviðum aðalnámskrár, er lífsleikninám.

Lífsleikninám felur í sér áherslur sem stuðla að jákvæðri sjálfsmynd hvers barns og því að það tileinki sér m.a. umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra. Markmiðið er að starfsmenn séu meðvitaðir um aðferðir sem beita má til að draga úr streitu og hraða í umhverfinu og að stöðugt sé haft að leiðarljósi mikilvægi þess að skapa traust og öryggiskennd meðal barna og fullorðinna. Leitast er við að efla og styrkja frumkvæði barnanna svo þau verði seinna meir hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau verða að eiga þess kost að taka þátt í ákvörðunum er varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur þeirra og þroski leyfa (námskrá Reynisholts, 2006, 2009).

Í stefnukorti leikskólasviðs 2010 kemur fram Lýðræðislegt lærdómssamfélag barna, foreldra og starfsmanna sem byggir á Gleði, Umhyggju og Virðingu. Þar sem skapandi skólastarf, fjölbreytni, val og sveigjanleiki, lýðheilsa, öryggi og vellíðan, gæði, mat og framfarir, lýðræðislegt samstarf og nám við hæfi hvers og eins er meðal þess sem leikskólasvið leggur áherslu á. Þetta samræmist að okkar mati námskrá, starfsáætlun og hringnum í Reynisholti um Líf og leikni og faglega umhyggju.

Starfsmannamál / starfsþróun í leikskólanum

Veturinn 2009 – 2010 störfuðu 23 starfsmenn í 21,4 stöðugildum þar af voru stöðugildi vegna sérkennslu 2,9. Tólf leikskólakennarar voru í 11,10 stöðugildum, tveir grunnskólakennarar í 1,75 stöðugildi og tveir leikskólaliðar í 1,65 stöðugildi. Kennarar (leik- og grunnskólakennarar) voru í 65,9% og leiðbeinendur á deildum í 34,1%.

1. Október 2009 var yfirlit eins og sést á töflunni hér fyrir neðan.

| Starfsheiti | Fjöldi | Starfshlutfall | Menntun |
|---|--------|----------------|------------------------------------|
| Leikskólakennarar | 12 | 11,10 stg. | B.ed gráða, einn með M.ed gráðu |
| Grunnskólakennarar | 2 | 1,75 stg. | B.ed gráða |
| Aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn | 2 | 1,65 stg. | Leikskólaliðar frá Mímir símenntun |
| Þroskaþjálfar | | | |
| Starfsmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar | | | |
| Starfsmenn með menntun á framhaldsskólastigi (stúdentspróf, iðnmenntun) | 2 | 2,00 | Stúdentspróf |

| | | | |
|--|---|------|--|
| | | | |
| Starfsmenn án framhaldsskólamenntunar þar með talið starfsmenn í eldhúsi | 5 | 4,90 | |

Í eldhúsi starfa tveir starfsmenn í 1,9 stöðugildi.

Töluverðar breytingar urðu um veturinn þar sem tveir leikskólakennarar fóru í barneignarleyfi og einn grunnskólakennari. Einn grunnskólakennari kom líka aftur til starfa að loknu barneignarleyfi. Tveir starfsmenn slösuðust og urðu að hætta störfum.

Starfsþróunarsamtöl eru formleg einu sinni á ári og hefjast um miðjan janúar og lýkur þeim um miðjan febrúar. Leikskólastjóri tekur þessi viðtöl, notar eyðublöð til stuðnings frá starfsmannaþjónustunni og afhendir starfsmönnum tíu dögum áður en viðtalið er tekið. Leikskólastjóri tekur síðan saman yfirlit og rita báðir aðilar undir og hefst viðtalið á því að farið er yfir það sem rætt var um árinu áður, hvað hefur gengið vel og hvað má ennþá bæta. Önnur viðtöl eru tekin eftir aðstæðum í umhverfi leikskólans.

Hver starfsmaður ber ábyrgð á því að fylla út sína símenntunaráætlun og skila til leikskólastjóra sem fer yfir áætlunina. Á árinu 2009 – 2010 fór fræðsla að mestu fram á skipulagsdögum. Mikil áhersla er lögð á það að sú fræðsla sem tekin er fyrir tengist starfinu og þeim áherslum sem eru í gangi.

Barnahópurinn

Í leikskólanum dvöldu 86 börn á fjórum deildum, 27 börn á elstu deildinni Stjörnulundi, 23 börn á Sunnulundi og 19 börn á Geislalundi en á þeim deildum dvöldu tveir árgangar, á yngstu deildinni Bjartalundi dvöldu 19 börn. Börn af erlendum uppruna voru sex, kynjahlutfallið 47 stúlkur og 39 drengir. Fimm börn fengu sérkennslutíma samkvæmt greiningu árið 2009 – 2010 og nokkur börn fengu sérstaka aðstoð vegna málörvunar.

Haustið 2010 munu dvelja 87 börn í leikskólanum á fjórum deildum, 27 börn á Stjörnulundi og verða þar öll væntanlegu grunnskólabörnin, 21 barn verður á Sunnulundi, 20 börn á Geislalundi og 19 börn á Bjartalundi. Kynjahlutfallið verða 47 stúlkur og 40 drengir. Með sérkennslutíma verða fjögur börn samkvæmt greiningu og nokkur börn munu þurfa sérstaka aðstoð vegna málörvunar og hegðunareinkenna. Sex börn verða af erlendum uppruna.

Foreldrasamvinna

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Haustið 2009 var ákveðið að leggja foreldrafélagið niður og sameina í eitt foreldraráð með fimm fulltrúum frá foreldrum. Aðilar skipta með sér verkum, formaður, gjaldkeri og ritari, auk þess er einn fagstjóri sem sér um að halda utan um umsagnir vegna starfsáætlunar, námskrá, handbók og fleira.

Miðlun til foreldra fer að mestu fram á heimasíðu leikskólans, töflum deilda í fataherbergi og með tölvupósti. Heimasíðan: <http://www.reynisholt.is> verður áfram uppfærð einu sinni í viku þar sem foreldrar og forráðamenn geta nálgast upplýsingar, skoðað myndir og fylgst með starfinu.

Foreldraviðtöl eru fyrirhuguð í október og einnig á skipulagsdegi í mars (sjá skóladagatal). Foreldrakaffi verður í október, nóvember og mars. Ömmu og afa dagur í apríl og opið hús í maí.

Foreldrafundur verður 23. september í byrjun fundarins munu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri kynna nýjum foreldrum áherslur leikskólans. Síðan verður aðalfundur foreldraráðs og kosið í nýja stjórn. Á eftir verður stuttur fundur á hverri deild þar sem fyrirhuguð verkefni vetrarins verða kynnt.

Foreldraráð leikskólans sótti um styrk í Forvarnar- og framfarasjóð Reykjavíkurborgar og hlaut styrk til að vinna að útikennslusvæði í rjóðri við lóð leikskólans. Foreldrar og starfsfólk hafa unnið saman að gerð þessa svæðis í nokkrum vinnuhelgum á vormánuðum. Lundurinn var formlega vígður 25. júní en verkefninu lýkur í júlí. Foreldrar og starfsmenn munu svo sjá um að halda svæðinu við með sameiginlegum vinnuhelgum t.d. að vori og hausti ár hvert. Aðstoðarleikskólastjóri hefur haldið utan um verkefnið fyrir hönd starfsmanna leikskólans og formaður foreldraráðs og eitt foreldri sem er verkstjóri verkefnisins hafa verið fulltrúar foreldraráðsins við skipulag og umsjón verkefnisins. Margir hafa lagt hönd á plóginn við þetta einstaka og skemmtilega verkefni og er það öllum hvatning sem að leikskólanum koma hversu vel hefur tekist til.

Reykjavík 1. júlí 2010

F. h. leikskólans Reynisholts

Leikskólastjóri

Reykjavík 30. Júní 2010

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Reynisholts

Fulltrúi úr foreldraráði hefur lesið yfir starfsáætlun leikskólans Reynisholts fyrir veturinn 2010 til 2011.

Í námskránni er farið yfir mat á leikskólastarfi, innra- og ytra mat leikskólans og umbótaráætlun fyrir næsta skólaár út frá niðurstöðum innra- og ytra mats. Einnig koma fram áherslur leikskólans fyrir komandi skólaár. Farið er yfir starfsmannamál/starfsþróun í leikskólanum og það hvernig barnahópurinn er samsettur næsta skólaár. Fram kemur hvernig foreldrasamvinnu hefur verið háttað og hvernig starfsfólk leikskólans ætlar að vinna með foreldrum á næsta skólaári.

Fulltrúi foreldraráðs fundaði með skólastjóra Reynisholts þar sem farið var yfir drög starfsáætlunar og smávægilega athugasemdir gerðar varðandi uppsetningu og orðalag.

Að mati fulltrúa foreldraráðs er starfsáætlun Reynisholts fyrir veturinn 2010 til 2011 í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008.

Fyrir hönd foreldraráðs

Anna María Frímansdóttir